



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 29. apríl 2019

USK2015050002

2.3.3

Innkauparáð

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Varðar útboð nr. 13573 - ámokstur á salti 2015-2018.

Tilboð voru opnuð 14.september 2015 og voru útboðin opin og til þriggja ára. Tilboð bárust frá tveimur aðilum og voru þau svohljóðandi:

Malbikunarstöðin Höfði ehf.	kr. 70.291.500.-
Íslenska gámafélagið ehf.	kr. 61.425.000.-
Kostnaðaráætlun	kr. 58.350.000.-

Þann 18.janúar 2016 var undirritaður samningur á milli skrifstofu reksturs og umhirðu(SRU) annars vegar og Íslenska gámafélagsins ehf. hins vegar, um ámokstur á salti til þriggja ára.

Grein 0.1.6 í útboðsgögnum segir: "Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um tvö ár, eitt ár í senn".

SRU og Íslenska gámafélagið ehf. hafa samþykkt sín á milli að framlengja samning um eitt ár, enda gerir SRU ekki ráð fyrir því að ná betri verðum með útboðsferli. Um er að ræða seinni framlengingu.

Undirritaður leggur til að samið verði við Íslenska gámafélagið ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Með virðingu,

Hjalti J. Guðmundsson,
skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins